


## Leiðbeiningar varðandi vinnsluvottorð afurða sem flytja á til ESB.

Eigi að flytja afla eða afurðir unnar úr afla erlendra skipa frá Íslandi og á markaðssvæði Evrópusambandsins þarf að afurðinni að fylgja s.k. vinnsluvottorð.

Þetta vottorð staðfestir það að vinnsluleyfishafinn sem vann aflann hafi gilt vinnsluleyfi. Jafnframt staðfestir vottorðið að afurðin sem flutt er út sé unnin úr afla sem fylgdi veiðivottorð við innflutning til Íslands.

Þetta felur í sér að innflytjendur á erlendum fiskafurðum sem hafa hug á að endurútflytja þær á markaðssvæði ESB verða að krefjast þess að seljandi aflans útvegi þeim veiðivottorð, stimplað af fánaríki veiðiskipsins. Þær upplýsingar sem íslenska fiskvinnslan setur í vinnsluvottorðið byggja á upplýsingum úr veiðivottorðum útgefnum af fánaríkjum veiðiskipa. Fiskistofu verður ekki tækt að staðfesta vinnsluvottorð nema að afrit af veiðivottorðum sem fylgdu við innflutning fylgi vinnsluvottorðinu. Það er krafa ESB að við móttöku vörunnar Evrópumeginn fylgi vinnsluvottorð og afrit af veiðivottorðum sem fylgdu aflanum sem afurðin er unnin úr. **Því er afar mikilvægt að íslenskir innflytjendur taki ekki við erlendum afla nema að veiðivottorð fylgi við innflutning, hyggist þeir flytja vöruna inn á markaðssvæði ESB eftir vinnslu á Íslandi.**

Vinnsluvottorðin er hægt að fá staðfest með stimpli hjá Fiskistofu. Vert er að minna á að ekki þarf vottorð fyrir afurðum sem unnar eru úr afla veiddum árið 2009. Á næstu síðu má sjá sýnishorn af vinnsluvottorði og skýringar fyrir hvern reit.



Lýsing á aflanum

Nafn veiðiskips og fánaríki

Dags. veiðivottorðs

ANNEX IV

Heildarmagni landað

Statement under Article 14(2) of Council Regulation (EC) No .../2008 of 29 September 2008 establishing a Community system to prevent, deter and eliminate illegal, unreported and unregulated fishing

Heildarmagn inn í vinnslu

Númer á veiðivottorði sem aflinn er fluttur inn á

I confirm that the processed fishery products: ... (product description and Combined Nomenclature code) have been obtained from catches imported under the following catch certificate(s):

Unnin afurð (kg)

Catch certificate number	Vessel name(s) and flag(s)	Validation date(s)	Catch description	Total landed weight (kg)	Catch processed (kg)	Processed fishery product (kg)

Name and address of the processing plant: .....

Nafn og heimilsfang fiskvinnslu

Name and address of the exporter (if different from the processing plant): .....

Nafn og heimilsfang útflytjanda (ef annar en fiskvinnsla)

Approval number of the processing plant: .....

Vinnsluleyfisnúmer (IS-númer)

Health certificate number and date: .....

Heilbrigðisvottorð, númer og dags.

Responsible person of the processing plant: <b>Nafn ábyrgðaraðila fiskvinnslu</b>	Signature: <b>Undirskrift</b>	Date: <b>Dags.</b>	Place: <b>Staður</b>
--	----------------------------------	-----------------------	-------------------------

Endorsement by the competent authority: .....

Fyllist út af Fiskistofu

Official: Icelandic Directorate of Fisheries	Signature and seal:	Date:	Place:
---	---------------------	-------	--------